

68 — Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu* um 31. maí. gjald af búum, sem seld eru í hendur ófulltíða eða fjarstöddum erfingjum. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit yðar, herra amtmaður, um fyrirspurn sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, hvort greiða skuli gjald til landssjóðs samkv. 37. gr. aukatekjureglugjörðinnar smbr. við 1. gr. laga 14. desbr. 1877 (A. 24.) af búum þeim, er eptir 74. gr. laga 12. apríl (A. 3) eru seld erfingjum í hendur, þó sumir þeirra sjeu ófulltíða og fjarstaddir, vil jeg tjá yður það, er nú segir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

Fyrirmæli 74.—79. greinar laganna frá 12. apríl 1878 (A. 3) um skipti á búum er ófulltíða eða fjarstaddir erfingjar eru í, innihalda enga breytingu á því, sem fyrirskipað er í 4. kapitula aukatekjureglugjörðarinnar frá 10. septbr. 1830 um borgun fyrir þær aðgjörðir, er viðvikja skiptum. Sýslumenn eru því samkv. 1. grein laga 14. desbr. 1877 (A. 24.) skyldir til að innheimta gjaldið eptir tjeðum ákvörðunum aukatekjureglugjörðarinnar af öllum þeim búum, er þeir áður sjálfir tóku gjald af. Með því nú að afskipti skiptaráðanda af búum þeim, er hjer er um að ræða, eru engu minni en afskipti hans af búum þeim, er getur um í 37. grein aukatekjureglugjörðarinnar; en þvert á móti ákvarðanirnar um endurskoðun á skiptunum í 77. grein laga 12. apríl 1878 o. fl. virðast vera þess eðlis, að það jafnvel gæti komið til tals að telja bú þau, sem hjer ræðir um, með þeim, er með «skiptarjettarins hjálp meðhöndlást og kljást á enda» (sbr. 35. grein aukatekjureglugjörðarinnar) verð jeg að vera yður og sýslumanninum í Þingeyjarsýslu samdóma um, að þessi bú geti, hvað öðru líður, ekki komizt hjá gjaldi samkvæmt 37. grein aukatekjureglugjörðarinnar.

#### ALÞINGISMANNAKOSNINGAR.

Hinn 24. dag maímánaðar í Norðurmúlasýslu þorvarður læknir Kjerúlf með 71 og Benedikt sýslumaður Sveinsson með 66 af 96 atkvæðum.

18. júní í Árnassýslu Þorlákur bóndi Guðmundsson með 52 og Magnús biskupsskrifari Andrjesson með 32 af 56 atkvæðum.

#### EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 16. dag júnímánaðar var presturinn að Hvammi í Hvammssveit síra Steinn Torfason skipaður prestur Árnassafnaðar í Strandaprófastsdæmi.

s. d. var sýslumaðurinn í Strandasýslu Sigurður Eiríksson Sverrissonar settur til þess að þjóna fyrst um sinn ásamt sínu eigin embætti sýslumannsembættinu í Dalasýslu.

17. s. m. var biskupsskrifari, kandidat Magnús Andrjesson skipaður prestur Gilsbakka og Síðumúla safnaða í Mýra prófastsdæmi.

20. s. m. var hreppstjóri Ingimundur Eiríksson settur til að gegna sýslumannsstörfum í Skaptafellssýslum að undanteknum dómarastörfum þeim, er kynnu að koma fyrir, en þau voru falin sýslumönnum í Suðurmúlasýslu, að því er snertir Austurskaptafellssýslu, og í Rangárvallasýslu, að því er snertir Vesturskaptafellssýslu.

1. s. m. skipaði biskup prestinn að Breiðabólstað í Fljótshlíð síra Skúla Gíslason til þess að vera prófast í Rangárvallaprófastsdæmi.

#### PRESTVÍGÐIR.

Hinn 26. dag júnímánaðar kandidatarirnir:  
Eiríkur Gíslason sem prestur að Presthólum í Norðnrþingeyjarprófastsdæmi og  
Magnús Andrjesson sem prestur að Gilsbakka í Mýraprófastsdæmi.